

Stjórnarfundur 302

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
24.09.2024	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 302
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 10:58	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður		
Geir Kristinn Aðalsteinsson		
Hilda Jana Gísladóttir		
Sóley Björk Stefánsdóttir		
Þórhallur Jónsson		
Þróstur Friðfinnsson, áheyrnarfulltrúi		
Starfsfólk		
Eyþór Björnsson, forstjóri		
Arnaldur B. Magnússon, sviðsstjóri þjónustusviðs		
Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri		
Stefán H. Steindórsson, sviðsstjóri veitu- og tæknisviðs		

Dagskrá fundar:

- 1. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2025**
- 2. Vísitala Norðurorku vegna fjárhagsáætlunar**
- 3. Gjaldskrár veitna - samanburður**
- 4. Gjaldskrá hitaveitu - ákvæði varðandi stórnotendur**
- 5. Trúnaðarmál**
- 6. Önnur mál**

1. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2025

Sviðsstjóri veitu- og tæknisviðs kynnti fyrstu drög að fjárfestingaráætlun Norðurorku hf. fyrir næstu ár. Settar voru fram þrjár sviðsmyndir til umræðu. Skjalið er í vinnslu og verður lagt fram í endanlegri mynd á næsta stjórnarfundum.

Ljóst er að áfram er mikil fjárfestingarþörf vegna framkvæmda og uppbyggingar á svæðinu. Einnig er mikil og vaxandi þörf fyrir meira heitt vatni en borun eftir heitu vatni og virkjun jarðhita eru mjög fjárfrekar framkvæmdir. Mikilvægt er nú sem fyrr að leita allra leiða til að hagræða eftir fremsta megni til þess m.a. að draga úr þrýstingi á verðskrárhækkanir og minnka þörf fyrir lántöku.

2. Vísitala Norðurorku vegna fjárhagsáætlunar

Fjármálastjóri fór yfir forsendur vísitölu Norðurorku fyrir árið 2025. Á undanförunum árum hefur verið notuð sú aðferðafræði varðandi grunn til útreikninga á breytingu á verðskrá komandi árs að annars vegar er ársreikningur liðins árs brotinn niður og vægi rekstrarkostnaðar tengdur vísitölum. Með þessu sjást áhrif vísitölubreytinga á rekstrarkostnað Norðurorku. Hins vegar er horft til verðbólguþá Seðlabanka Íslands fyrir komandi ár. Þessi aðferð hefur gefist vel í stöðugu efnahagsástandi og leitt til ásættanlegra breytinga á gjaldskrá. Nú, þegar verðbólga er að byrja að hjaðna á ný, er talið rétt að beita þessari aðferð með sama hætti og áður.

Vísitala Norðurorku liðna 12 mánuði er nú reiknuð 6,1% og verðbólguþá Seðlabankans fyrir 2025 er 4,2%. Þessar vísitölur, vegnar saman til helminga eru 5,2% sem myndar grunn fjárhagsáætlunar 2025. Nú sem fyrr er einnig horft til rekstrar og áhrifa stórra verkefna sem Norðurorka vinnur að.

3. Gjaldskrár veitna - samanburður

Sviðsstjóri þjónustusviðs fór yfir gjaldskrár nokkurra veitna sem Norðurorka hf. ber sig saman við. Það er gagnlegt fyrir vinnu við endurskoðun gjaldskráa að horfa til þess hvernig verðlag annarra veitna er í samanburði við gjaldskrá Norðurorku.

4. Gjaldskrá hitaveitu - ákvæði varðandi stórnotendur

Á 289. fundi stjórnar Norðurorku var rætt um mikilvægi þess að breyta gjaldskrá í þá veru að notendum sé umbunað fyrir "ábyrga notkun" á heitu vatni en taka út hvata til aukinnar notkunar. Var á fundinum forstjóra falið að gera tillögu að tillögu um breytingu á skilmálum til að bregðast við.

Nú hafa verið unnar tillögur þar að lútandi og fór sviðsstjóri þjónustusviðs yfir tillögur að breyttum skilmálum sem hafa það að markmiði að stórnotendum verði umbunað fyrir ábyrga notkun á heitu vatni.

5. Trúnaðarmál

6. Önnur mál

Stjórn undirritar umboð til handa forstjóra til að undirrita öll skjöl og gögn vegna sölu á jörðinni Arnarnes 2.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:58